

Bakgrunnsupplýsingar um innlenda greiningarvinnu á skóla án aðgreiningar á grunnskólastigi

Hugmyndafræði menntastefnu um skóla án aðgreiningar og hlutverk grunnskólans í þjónustu við nemendur er sett fram í lögum, reglugerðum, aðalnámskrám og alþjóðlegum sáttmálum. Á grundvelli þeirra skuldbindinga er réttur allra nemenda til menntunar við hæfi ríkur og þær gera ráð fyrir að komið sé til móts við þarfir hvers og eins, meðal annars út frá hugmyndum um lýðræði og félagslegt réttlæti. Þessi réttur nemenda kallar á að skipulag skólastarfs taki tillit til þess að öllum nemendum standi til boða heildstæð þjónusta við hæfi. Sú þjónusta getur verið á hendi margra aðila, sem tilheyra bæði skóla- og velferðarkerfi.

Haustið 2013 var samþykkt að mennta- og menningarmálaráðuneytið tæki þátt í samstarfi um greiningu á framkvæmd skóla án aðgreiningar á grunnskólastigi. Samstarfið byggði þá á samkomulagi um endurnýjaða viðræðuáætlun milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna kjarasamningsviðræðna við Félag grunnskólakennara. Auk þess tók velferðarráðuneytið þátt í greiningarvinnunni. Skipaður var starfshópur með fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og velferðarráðuneyti.

[Í lokaskýrslu starfshópsins](#) er dregið fram að fyrirliggjandi gögn sýni að almennt sé litið svo á að hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar sé jákvæð og að það sé mikilvægt að öll börn eigi kost á að sækja nám í heimaskóla. Almennt er þó talið erfitt að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar á grunnskólastigi. Stefnan er talin hafa breytt skólastarfi að verulegu leyti, en það þurfi m.a. aukið fjármagn, meiri sérfræðiþekkingu, meiri faglegan stuðning og aukið svigrúm í vinnutíma kennara til að framkvæma hana með fullnægjandi hætti. Talin er þörf á meiri umræðu um stefnuna, hvað hún þýði og hvað þurfi til að framkvæma hana. Það þurfi jafnframt að efla rannsóknarstarf, auka eftirlit með skólastarfi, endurskoða starfshætti og stuðning við kennara, huga að inntaki menntunar þeirra og starfsþróun, tryggja samræmd vinnubrögð sérfræðiþjónustu skóla, skýra verksvið og samstarf aðila auk þess að auðvelda aðgengi að sérhæfðum úrræðum.

Starfshópurinn telur á grundvelli þeirra gagna, sem skýrsla hans byggir á, að ekki virðist hafa verið skilgreint af stjórnvöldum fyrirfram hvað þessi samþætta heildstæða þjónusta við nemendur þýddi í raun. Verklag og skipulag skólastarfs, og laga- og reglugerðaumhverfi milli kerfa, virðist ekki hafa verið nægilega samhæft auk þess að ýmislegt megi gagnrýna í framkvæmd liðinna ára sem brýnt er að ráðin verði bót á. Sem lið í þannig umbótum er í skýrslunni talið að vísa megi til athugunar ríkis og sveitarfélaga á „gráum svæðum“ í verkaskiptingu þeirra á sviði velferðarþjónustu.

Niðurstaða starfshópsins var að þörf sé á enn frekari greiningu á stöðu og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar og áhrifum hennar á skólastarf, þ.m.t. á líðan og árangur nemenda. Starfshópurinn lagði til að hafnar yrðu formlegar viðræður við [Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir](#) um að hún gerði sambærilega úttekt á Íslandi og nýverið var unnin á [Möltu](#) fyrir þarlend stjórnvöld, en sem mótuð yrði í samræmi við íslenskar aðstæður. Hópurinn lagði til að úttektin næði til leik-, grunn- og framhaldsskólastigsins og byggði meðal annars á þeim gögnum sem liggja fyrir í framangreindri skýrslu. Starfshópurinn taldi mikilvægt að framhaldsskólastigið væri ekki undanskilið enda hefur ríkið fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og í reglugerðum um nemendur með sérþarfir í grunn- og framhaldsskólum er áréttað mikilvægi samfellu í þjónustu milli skólastiga. Þjónusta við nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum hefur ekki verið tekin út með skipulegum

hætti og starfshópurinn taldi mikilvægt að rannsaka einnig áhrif stefnunnar um skóla án aðgreiningar á það skólastig.

- [Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar](#)
- [Skóli án aðgreiningar, samantekt á lögum og fræðilegu efni](#)
- [Úttekt Evrópumíðstöðvarinnar á skóla án aðgreiningar á Möltu](#)

Markmið úttektar Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir á Íslandi:

Markmið úttektarinnar er að styðja við ákvarðanatöku á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar með sannreyndri þekkingu og stuðla jafnframt að víðtæku sjálfsmati innan menntakerfisins auk þess að styðja við langtímaþróun menntastefnu á Íslandi. Áhersla verður lögð á að kanna hversu árangursrík innleiðing á menntastefnu um skóla án aðgreiningar hefur verið í skólakerfinu á Íslandi, meðal annars í samanburði við önnur lönd. Úttektin nær til leik-, grunn- og framhaldsskólastigs. Rýnt verður einnig í fjármögnun vegna skóla án aðgreiningar á vegum ríkis og sveitarfélaga. Úttekin nær til allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins, þ.e. til nemenda og fjölskyldna þeirra, starfsfólks skóla, skólaþjónustu og stoðþjónustu hvers konar, rekstraraðila skóla, samtaka kennara, kennaramenntunarstofnana og ráðuneyta. Ráðgert er að úttekin fari fram frá nóvember 2015 til ársloka 2016.

Úr verkefnaáætlun Evrópumíðstöðvarinnar fyrir verkefnið á Íslandi:

The objectives of the External Audit will include:

1. Situating the current system in Iceland within a wider international and European context of policy and practice for inclusive education;
2. Building upon the previous evaluation of the implementation of the policy of inclusive education (Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, 2015), work with Icelandic stakeholders to refine the findings of the study in order to develop a critical reflection on the implementation of policy for inclusive education in current practice;
3. Building upon existing work in Iceland, in particular the previous evaluation study, work with Icelandic stakeholders to identify a framework of process and outcomes standards for their system for inclusive education;
4. Preparing independent data collection methods in line with the framework of standards and then collecting data to identify areas of strength and challenge areas, as well as inform issues of alignment between the agreed standards and practice in schools and supporting services;

5. Identifying examples of innovative, high quality practice in implementing policy for inclusive education from the Icelandic, as well as international and European contexts, that will inform policy development and implementation;
6. Identifying key levers for ensuring effectiveness in the system;
7. Considering short and long term investment issues by exploring system added value issues alongside cost issues;
8. Preparing focussed and practical recommendations for the implementation and monitoring of future action plans aimed at developing the system for inclusive education policy and practice in Iceland.